



Úr deiliskipulagsskilmálum fyrir Hraun vestur:

Leiksvæði

Það er leiksvæði milli Hverfisgötu og Austurgötu vestan húsa nr. 34 og 36 við Hverfisgötu. Leiksvæði er við gamla Lækjarskólann og þá er garður milli lóðar nr. 12 og 14 við Hverfisgötu sem nýttist m.a. til leikja ásamt svæði milli Álfaskeiðs og Klettahrauns.

Skipulagssvæðið umlykur Einarstreit en innan hans eru leiksvæði.

Síðar verður unnið að endurhönnun á lóð Skólabrautar 3 (gamli

Lækjarskóli) með það að markmiði að tryggja öllum aldursþópum aðgengilegt og öruggt svæði til leikja og útivistar.

Úr deiliskipulagsskilmálum fyrir miðbæ Hafnarfjarðar

Opin svæði - torg, garðar og gönguleiðir

Opin svæði í miðbænum eru helguð almenningi til útivistar og fristunda. Þau eru mikilvæg umgjörð um mannlíf bæjarins og stór þáttur í mynd hans. Í vaxandi bæ gegna almenningsgarðar og torg æ ikilivægara hlutverki, bæði í menningarsögulegu og félagslegu tilliti. Þeir fegra ásýnd bæjarins, þeir eru samkomustaðir á háttðis og tyllidögum, þeir eru gríðarstaðir á góðum degi og þar gefst rúmi fyrir gróður og fuglalíf. Að öðru leyti vísast til greinargerðar frá Landmótun ehf. Deiliskipulag miðbæjar Hafnarfjarðar, *Opin svæði, torg og garðar dags. nóvember 2000.*